

Umhverfisstofnun
Áb. _____
31 AUG. 2004
54-6
Tilv. _____



Umhverfisstofnun

Deildarnefnd og Félög Umhverfisstofnunar

Skjalstofnanir 20. og 21. hæð  
107 Reykjavík, Ísland

Útgefnaárið 2004

Fax: +354 59 22 00

Umhverfisstofnun@ust.is

www.ust.is/ustofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

25. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040800028/tb

### Efni: Þorskeldi, Salar Islandica, allt að 3000 tonn á ári í Fáskrúðsfirði, matsskylda

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 9. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu á allt að 3.000 t/ár þorskeldi í Fáskrúðsfirði. Framkvæmdaraðili er Salar Islandica.

#### Inngangur:

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin telur gögnin lýsa nokkuð vel þeim aðstæðum sem eru í Fáskrúðsfirði og líklegum umhverfisáhrifum sem búast má við að fyrirhugað þorskeldi muni valda. Umhverfisstofnun telur þó vanta mat á burðarþoli Fáskrúðsfjarðar, sbr. til dæmis Lenka-viðtakamat. Ekki liggur fyrir flokkun fjarðarins sem viðtaka þó líklega megi flokka hann sem síður viðkvæman. Ekkert annað fiskeldi er í dag í Fáskrúðsfirði.

Í innsendum gögnum kemur fram að um sé að ræða eldi á þorski. Ekki er um áframeldi að ræða heldur er gert ráð fyrir að flytja seiði úr sérstökum seiðaeldisstöðvum sem ekki eru tilgreindar. Gert er ráð fyrir að flytja seiðin annað hvort með brunnbátum eða sérstökum flutningabílum. Ekki kemur fram hvort eingöngu sé um að ræða seiði sem eru alin af náttúrulegum þorskstofnum eða hvort gera megi ráð fyrir erfðabreyttum eða kynbættum þorskastofnum.

Lítill sem engin umfjöllun er um sjúkdóma eða hugsanleg áhrif þeirra í innsendum gögnum. Þar sem þéttleiki í sjókvíum er mikill er alltaf viss hætta á því að sjúkdómar geti breiðst hratt út í sjálfu fiskeldinu og hugsanlega einnig haft áhrif á villta stofna. Umhverfisstofnun vill benda á að út frá meðfylgjandi gögnum er ekki hægt að meta hvort t.d. einhver hætta sé á að sjúkdómar geti borist frá eldinu í náttúrulega fiskistofna. Með sjókvíaeldi er alltaf tekin viss áhætta hvað þetta varðar. Að mati Umhverfisstofnunar verður því að fylgjast vel með lífríki Fáskrúðsfjarðar. Í meðfylgjandi gögnum er lýsing á botndýralífi á nokkrum stöðum í firðinum, m.a. annars þar sem gert er ráð fyrir sjókvíum, en að öðru leyti er tiltölulega litlar upplýsingar að finna um bæði lífríki Fáskrúðsfjarðar almennt og um núverandi nýtingu. Til dæmis er ekki gert grein fyrir hvaða fiskistofna er að finna í firðinum og hvort þar séu uppeldis- og/eða hrygningarstöðvar einhverra fiskitegunda.

Straummælingar virðast sýna að aðstæður eru nokkuð góðar, fylgiskjöl frá Hafrannsóknastofnuninni og Havbruketstjenesten, en þó sýna mælingar á 78 metra dýpi nánast engan straum 95 % af tímanum eða 1.1 cm/sek. Havbruketstjenesten gerir athugasemd við þessar mælingar og telur að eitthvað hljóti að vera athugasvert við þær. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að endurtaka þessar mælingar, en eingöngu var mælt á einum stað, m.a. til að hægt sé að meta burðarþol. Niðurstaða Havbruketstjenesten er miðuð við að laxeldi verði í Fáskrúðsfirði. Ekki er gert grein fyrir því í innsendum gögnum að sömu umhverfisaðstæður henti fyrir eldi á lax og þorski.


#### Niðurstaða:


Umhverfisstofnun telur ekki hættu á að ofauðgun verði af fyrirhuguðu fiskeldi miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir um Fáskrúðsfjörð. Stofnunin telur ekki að miklar líkur séu á að lífríki verði fyrir skaða á „stóru“ svæði sem hafa muni afgerandi áhrif á lífríki Fáskrúðsfjarðar. Stofnunin vill þó benda á að óvissa er um straummælingar. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að ekki er gert nákvæmlega grein fyrir því hvort eingöngu verði um eldi náttúrulegra þorskstofna að ræða eða hugsanlega erfðabreyttra eða kynbættra stofna. Umhverfisstofnun telur að þar sem um er að ræða starfsleyfisskylda framkvæmd megi haga vöktun á rekstri sjókvíaeldisins á þann hátt að ef í ljós kemur að fyrirhugað fiskeldi valdi meri áhrifum á umhverfið en gert er ráð fyrir megi koma í vega fyrir varanlegan skaða. Stofnunin telur að verði hætt við fiskeldi síðar meir séu framkvæmdirnar þess eðlis að þær séu að mestu afturkræfar.

Að gefnum þeim forsendum að eingöngu sé um eldi náttúrulegra þorskstofna að ræða í Fáskrúðsfirði, að fjörðurinn sé síður viðkvæmur viðtaki og að ekkert annað fiskeldi er í firðinum telur Umhverfisstofnun, að teknu tilliti til 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að fyrrgreint þorskeldi muni ekki vera líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur að áður en starfsleyfi er gefið út þurfi að liggja fyrir mat á burðarþoli fjarðarins hvað varðar lífræna mengun, t.d. samkvæmt Lenka-viðtakamati.

Þar sem ekki kemur fram í innsendum gögnum hvort eingöngu eigi að nota náttúrulega þorskstofna í fyrirhuguðu eldi vill Umhverfisstofnun benda á að ef nota á erfðabreyttra þorskstofna fer það samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996. Jafnframt þarf að taka tillit til 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 ef flytja á inn þorskstofna sem ekki geta talist náttúrulegir við Ísland.

Virðingarfyllt,

  
Trausti Baldursson

  
Helgi Jónsson